

## 1. Almennt

Arctic Sea Farm (kt. 700807-0450), Suðurgötu 12, 140 Ísafjörður, er með rekstrarleyfi fyrir 7.800 tonna hámarkslífmassa af laxi í Patreks- og Tálknafirði (FE-1145) sem var gefið út 27. ágúst 2019. Heimilaður hámarkslífmassi 7.800 tonn frjór lax samræmist áhættumati Hafrannsóknarstofnunar vegna erfðablöndunar frá árinu 2020. Í gildandi rekstrarleyfi er Patreksfjörður eitt sjókvíaldissvæði með einu eldissvæði, Kvígindisdalur og Tálknafjörður eitt sjókvíaldissvæði með einu eldissvæði, Hvannadalur. Fyrirtækið sótti um breytingu á rekstrarleyfi vegna breytingu eldissvæða og styttingu hvíldartíma þann 21. apríl 2021.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll þau gögn sem nauðsynleg eru til að Matvælastofnun geti metið hvort skilyrði til breytingar á gildandi rekstrarleyfi skv. 13. gr. reglugerðar nr. 540/2020 og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 20. apríl til 18. maí 2022 og barst ein athugasemd vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til breytinga á rekstrarleyfi.

## 2. Afstaða Matvælastofnunar

Framkvæmd Arctic Sea Farm hf. um breytingu eldissvæða var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 16. október 2020 og breyting á hvíldartíma tilkynnt Skipulagsstofnun 11. maí 2021. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 13. desember 2021 þess efnis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum á þeim grunni að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmd Arctic Sea Farm felst í stækkun á eldissvæðinu við Kvígindisdal í Patreksfirði, þannig að eftir breytingar muni eldissvæðið ná lengra til norðvesturs. Með stækkuninni gefst Arctic Sea Farm meiri sveigjanleiki í að dreifa lífmassanum á svæðið. Eftir breytingar verður áfram eitt eldissvæði í Patreksfirði og eitt í Tálknafirði. Framkvæmdin snýr einnig að styttingu lágmarkshvíldar tíma, en hann verður að lágmarki 90 dagar í stað 6 mánaða. Matvælastofnun getur gert kröfu um aukin hvíldartíma ef þurfa þykir vegna sjúkdóma eða sníkjudýra.

Matvælastofnun óskaði eftir umsögn hjá Hafrannsóknastofnun varðandi 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi sem fjallar um málsmeðferð umsókna. Þar kemur fram að Matvælastofnun skuli tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um eldi laxfiska er að ræða. Í bréfi frá Hafrannsóknastofnun, dags. 9. júní 2022, kemur fram að Hafrannsóknastofnun sé ekki kunnugt um rannsóknir eða aðrar upplýsingar um veiði í ánni sem fellur úr Mikladal og til sjávar í Örlýgshöfn. Rannsókn var gerð í Sauðlauksdalsá 2015 og koma þar fram að þar var að finna bæði seiði bleikju og urriða (Sigurður Már Einarsson og Jón S. Ólafsson 2016). Urriðinn var í mestu magni en minna af bleikju. Allar líkur eru til að í ánni sem fellur til sjávar við Örlýgshöfn séu einnig stofnar sömu tegunda. Af loftmyndum að dæma þá eru skilyrði í ánni við Örlýgshöfn lakari, botn víðast sendin og áin styttra fiskgeng. Þar sem fer að gæta halla sem skapa hrygningar- og uppeldisskilyrði er stutt upp að rafstöðvar stíflu. Hafrannsóknastofnun er ekki kunnugt um veiðinýtingu í ánni of ekki er ljóst hvort þeir stofnar sem um ræðir geti talist sjálfstæðir eða hluti af stærri stofneiningu. Hafa megi í huga að fyrir kemur að villtir fiska eru taldir geta haft neikvæð áhrif á fiska í eldiskvíum t.d. vegna smit lúsa eða annarra smitandi þátta. Því geti verið mikilvægt, bæði fyrir villta stofna og eldi að halda lágmarksfjarlægðir á milli þeirra líkt og er með eldissvæði. Hafrannsóknastofnun getur ekki með óyggjandi hætti svarað spurningu Matvælastofnunar út frá núverandi þekkingu og hvetur eindregið til þess að upplýsinga um útbreiðslu stofna, stofnstærðir og skyldleika þeirra á þeim svæðum sem liggja nærri eldissvæðum sé aflað. Á þeim grunni verði teknar upplýstar ákvarðanir varðandi staðsetningu eldissvæða, möguleg áhrif þeirra á líffræðilegan fjölbreytileika og þau verðmæti sem fyrir eru og orðið geta fyrir áhrifum. Að þessum upplýsingum samandregnum er það mat Matvælastofnunar að ekki sé tilefni til að ætla að neikvæð vistfræðileg áhrif verði vegna staðsetningar á eldisstöðinni.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði Arctic Sea Farm, eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Fyrirhuguð framkvæmd gerir ráð fyrir kynslóðaskiptu sjókvíaeldi þar sem ein kynslóð er alin á eldissvæðinu hverju sinni og eldissvæðið hvílt skv. ákvæðum reglugerðar um fiskeldi. Með kynslóðaskiptingu og hvíld eldissvæðis er stuðlað að því að ástand botns undir kvíastæði nái ásættanlegu ástandi milli kynslóða. Mikilvægt er að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld eldissvæða hafi hafsbótan ekki náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Arctic Sea Farm í Patreks- og Tálknafirði er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

### 3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun barst athugasemd frá einum aðila á auglýsingartíma. Athugasemdin var frá Marino Thorlacius landeiganda í Örylgshöfn. Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreinds aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

- *Gerð er athugasemd vegna staðsetningu eldissvæða m.t.t. ölduhæðar og öryggis. Þá er bent á að öldukort fyrir þau svæði sem yst eru í Patreksfirði, kvíastæðið útaf Örylgshöfn (Háanes) og við Tálkna (Vatneyri), sýni ölduhæð sem er 3-5+ metrar.*

Samkvæmt reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi skal eldisbúnaður standast kröfur norska staðalsins NS 9415 auk þess sem staðarúttekt skal fara fram þar sem staðbundnar rannsóknir fara fram sem uppfylla kröfur staðalsins og skal rekstrarleyfishafi sjá um að meginhlutir, ihlutir í festingar og aukabúnaður sjókvíaeldisstöðvar séu á hverjum tíma rétt samsett og komið fyrir í samræmi við kröfur sem gerðar eru í NS 9415 staðlinum, notendahandbók, stöðvarskírteini og uppfylli skilyrði rekstrarleyfis.

- *Gerð er athugasemd vegna veðurfars og haföldu, og bent á að Matvælastofnun hefur gefið út að ástæða gífurlegra affalla í Dýrafirði veturinn 2022 hafi verið vegna veðurs.*

Matvælastofnun birti frétt á vef sínum þann 17. mars 2022 þar sem aðstæður í kringum afföll í Dýrafirði í byrjun árs 2022 voru útskýrð. Þar kemur fram að ástæður affallanna hafi verið samspil margra þátta, m.a. meðhöndlun fisks í nóvember vegna flutninga og lúsaböðunar, talsvert fall í sjávarhita, breytingar á fóðurtegund, veirusjúkdómurinn hjarta- og vöðvabólga (HSMI) og tímabil með mörgum óveðursdögum sem gerðu ástandið verra.

- *Gerð er athugasemd vegna staðsetningu áætlaðs kvíastæða út af Örylgshöfn (Háanes) og við Tálkna (Vatneyri) sem séu algjör ásýndar- og ímyndabreyting á Patreksfirði og ekki hafi verið nægilega fjallað um ásýndaráhrif í ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna breytinga á svæðum.*

Ákvörðun Skipulagsstofnunar er vegna breytinga á eldissvæðum og hvíldartíma Arctic Sea Farm og Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði. Þar segir að tilfærsla Hlaðseyri að Vatneyri í Patreksfirði muni líklegast draga úr ásýndaráhrifum þar sem nýja eldissvæðið verði lengra frá byggð og umferð í landi. Í álitni Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdarinnar frá 23. september 2016 er fjallað um ásýndaráhrif sem fiskeldi hefur áhrif á og telur að samlegð framkvæmda á Vestfjörðum í fiskeldi muni leiða til talsvert neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðrar upplifunar ferðamanna og útivistarfólks sem leið eigi um Vestfirði.

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða.

- *Gerð er athugasemd við að Skipulagsstofnunar sé í kærufarli og því ekki forsvaranlegt að gefa út leyfi.*

Samkvæmt 29. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 frestar kæra til æðra stjórnvalds ekki réttaráhrifum ákvörðunar en þó er heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar til bráðabirgða meðan málið er til meðferðar hjá kærustjórnvaldi þar sem ástæður mæli með því. Tilvitnuð lagaákvæði bera með sér að meginreglan er sú að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar og séu heimildarákvæði fyrir stöðvun framkvæmda eða frestun réttaráhrifa kærðrar ákvörðunar undantekning frá nefndri meginreglu sem skýra beri þröngt. Verði því að vera ríkar ástæður eða veigamikil rök fyrir ákvörðun um frestun réttaráhrifa og stöðvun framkvæmda.

## 4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um breytingu á rekstrarleyfi Arctic Sea Farm í Patreks- og Tálknafirði. Breytingin heimilar breytt eldissvæði, Kvígindisdal. Eldissvæði Hvannadalur í Tálknafirði helst óbreytt. Hvíldartími verður 90 dagar eftir breytingu í stað 6 mánaða.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Breyting á rekstrarleyfi tekur þegar gildi, en gildistími leyfisins helst óbreyttur og er til 27. ágúst 2023.

Selfossi, 15. júlí 2022